

38 til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega,
14. marz að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að vikja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlök skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

39

15. marz

L Ö G

um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „erlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

„Á Íslandi“ merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

39

15. marz

Óheimilt er hverjum þeim manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir eitthvert fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka erlenda menn í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða blunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Erlendum mönnum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt 3. gr. eða 5. gr. laga þessara.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum verklýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitendum, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafli, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Sé verulegur skortur á fólki til nauðsynlegra heimilisstarfa og hjúkrunarstarfa, getur félagsmálaráðherra veitt atvinnuleyfi fyrir erlent fólk til slíkra starfa.

4. gr.

Atvinnuleyfi samkvæmt 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur félagsmálaráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt erlendum mönnum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfið sé veitt ákveðnum vinnuveitanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann samkvæmt 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. taka tillit til:

1. Hve lengi hinn erlendi maður hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur,
3. hvort hann er kvæntur íslenzkri konu eða á hér nánin skyldmennir,
4. hvort hann ætli sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væru veitt samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli sé fyrir hendi.

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn.

6. gr.

Erlendum mönnum er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða,
3. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
4. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

39 Leyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfrækslu og ákveð-
15. marz inn tíma, og skal eigi veita slík leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

7. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæzlu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað, sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

8. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Erlenda menn, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir,
2. erlenda menn í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. erlenda menn, er verið hafa íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenzkan ríkisborgararétt,
4. erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 50—50 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, er ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Enn fremur er heimilt að stöðva með lögbanni, án þess að trygging sé sett, þær framkvæmdir, er nota skyldi hið erlenda vinnuafli til, ef byrjað er á þeim, þar til hinir erlendu menn eru farnir úr landi eða tryggt þykir, að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Þegar atvinnuleyfi eru veitt innlendum atvinnurekendum, ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfunum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuaflds.

10. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlenda menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess, er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 13 31. maí 1927, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

40

15. marz

um breyting á lögum nr. 122 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946,
um almannatryggingar, og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 24. gr. laganna orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2.—5., skulu vera sem hér segir til ársloka 1954.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsg. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsg. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 122 1950 og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.